



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um magn hagkvæms húsnæðis á Keldnalandi

Á fundi borgarráðs þann 15. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Nú segir framkvæmdastjóri Betri samgangna í viðtali við Morgunblaðið að þeir ætli sér að fá helmingi meira út úr byggingarréttargjaldinu á Keldnalandi en til stóð í upphafi. Það var metið á 15 milljarða í upphafi en nú hyggjast betri samgöngur hámarka arðsemi af lóðasölu þannig að a.m.k. 30 milljarða hagnaður gæti verið af landinu. Það mun leiða til hærra íbúðaverðs á svæði sem ætlað var til uppbyggingar hagkvæms húsnæðis sem sárlega er skortur á í borgarlandinu. Í lífskjarasamningunum 2019 var þetta eitt af megináhersluatriðunum. Óskað er eftir upplýsingum um hversu mikið magn af hagkvæmu húsnæði var lofað á keldnasvæðinu í tengslum við lífskjarasamningana svokölluðu.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. júní sl.

Svar:

Í lífskjarasamningnum svokölluðu var ekki samið um uppbyggingu í Keldnalandi. Þar segir hins vegar að ein af samningsforsendum sé að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit og er þar m.a. vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar „Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga“.

Í þeirri yfirlýsingu segir:

„Ríkið og Reykjavíkurborg komist að samkomulagi um að hefja skipulagningu Keldnaland, m.a. með markmiðum um félagslega blöndun, og semji í framhaldinu um eignarhald og framkvæmdir.“

Það kemur ekki fram í yfirlýsingunni hversu mikið magn af hagkvæmu húsnæði sé fyrirhugað að byggja á svæðinu.

Hins vegar var sú almenna stefna sett fram í samkomulagi á milli ríkis og Reykjavíkurborgar, sem gert var í tengslum við rammasamning ríkisins og sveitarfélaga um aukið framboð íbúa 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum, að leggja eigi áherslu á að skapa



Reykjavíkurborg

forsendur fyrir uppbyggingu hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði og húsnæðis á félagslegum grunni á lóðum og löndum í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar og hún nemi minnst 40% af heildaruppbyggingu á viðkomandi svæði. Þá kemur fram að aðilar séu sammála um að ofangreindum lóðum verði úthlutað á hóflegu verði. Í kynningu á samkomulaginu er Keldnalandið sérstaklega ávarpað. Lítur Reykjavíkurborg því svo á að a.m.k. 40% íbúða í Keldnalandi verði hagkvæmar íbúðir í skilningi fyrrgreinds samkomulags.

Ívar Örn Ívarsson

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara